

Umhverfisstofnun
Hildur Vésteinsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. janúar 2014
2014010013/42-11
TB
jgo/tb

Drög að friðlýsingarskilmálum fyrir fólkvang í Glerárdal, umsögn


Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 7. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að friðlýsingarskilmálum fyrir fólkvang í Glerárdal.

Náttúrufræðistofnun fagnar því að Akureyrarbær vilji friðlýsa hluta af Glerárdal sem fólkvang. Samkvæmt innsendum gögnum og upplýsingum frá Umhverfisstofnun þá er fyrirhuguð virkjun, lón og pípa nú fyrir utan fólkvanginn. Náttúrufræðistofnun telur framangreind drög að friðlýsingarskilmálum góð en stofnunin gerir þó eina „smávægilega“ athugasemd. Í 8.gr. segir: *Umsjónaraðili fólkvangsins getur þó veitt heimild til veiða á ref, mink og kaninum, en ætíð í samræmi við.....* Náttúrufræðistofnun telur að almennt eigi ekki að stilla ref til jafnfætis við framandi ágengar tegund eins og t.d. mink í reglugerðartexta. Tegundar sem ekki nýtur neinnar verndar skv. lögum nr. 64/1994. Bætra væri að aðskilja þessi atriði í textanum t.d. mætti orða þennan hluta greinarinnar með eftirfarandi hætti: Umsjónaraðili fólkvangsins getur þó veitt heimild til veiða á ref og tegundum eins og mink og kaninum sem flokkaðar eru sem framandi ágengar tegundir. Veiðarnar skulu ætíð vera í samræmi við lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 og verndar- og stjórnunaráætlun.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

